

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna frístundabyggðar í Efra-Skarði.

Skipulagsstofnun staðfesti 7. nóvember 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 23. ágúst 2023.

Í breytingunni felst stækkun frístundabyggðar F9 í landi Efra-Skarðs um 0,8 ha og við það minnkar skógræktar- og landgræðslusvæði SL25 sem því nemur. Einnig minnkar landbúnaðarsvæði L1 lítillega.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 7. nóvember 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 21. nóvember 2024